


Viðhengi 12 - Styrktar- og líknarsjóður
Oddfellowa



Urriðavatnsland StLO í Heiðmörk Einstakt útivistarsvæði

En hvað segir í drögum að ASKI 2016-2030?


Ábendingar frá Styrktar- og líknarsjóði Oddfellowa, 21. nóvember 2016

Til skipulagsstjóra Garðabæjar Arinbjörns Vilhjálmssonar.

Varðar: Ábendingar StLO vegna draga að aðalskipulagstillögu Garðabæjar 2016 - 2030

- Garðabær kynnir á vef sínum drög að aðalskipulagstillögu Garðabæjar 2016 – 2030. Þar hvetur Garðabær hlutaðeigandi hagsmunaaðila til að kynna sér drögin vel og senda inn ábendingar og hugmyndir á þessu forkynningarstigi sem sé til 21. nóvember 2016.
- Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa (StLO) á land innan Garðabæjar, svokallað Urriðavatnsland (stundum kallað Urriðakotsland, en þessu heiti var breytt í Urriðavatnsland, áður en StLO eignaðist landið). Urriðavatnsland er hluti af Heiðmerkur- og Búrfellssvæðinu. Landamerki þessa svæðis má sjá á næstu síðu.
- Hér fylgja með hugleiðingar og ábendingar StLO við þau drög sem fyrir liggja og tengjast þessu svæði. Urriðavatnslandið sem um ræðir fellur undir eftirtalda landnotkunarreiti:
 - 5.17 Íþróttasvæði og
 - 5.20 Hverfisvernd

Landamerki Urriðavatnslands StLO í Garðabæ



Innan þessa svæðis StLO eru skráð tvö svæði á Náttúruminjaskrá, sem skarast:

- ❑ Annars vegar svæði sem er friðlýst sem náttúruvætti þ.e. Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár. Ath. friðlýsing virðist því miður hafa verið afturkölluð sumarið 2016. Fleki sem gengur inní landið og þvert á það að sunnanverðu.
- ❑ Hins vegar svæði skráð nr. 115 á Náttúruminjaskrá; Búrfell og Búrfellsgjá, Garðabæ. (1) Búrfell og hrauntröðin, Búrfellsgjá og Selgjá, ásamt um 200 m breiðri spildu beggja vegna gjárinnar. (2) Eldstöð frá nútíma, ein sérstæðasta hrauntröð landsins (tungan sem gengur inní landið að suðaustanverðu.

Forsagan

- Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti í maí 2006 tillögu um friðlýsingu Búrfellshrauns frá gíg til strandar og hefur verið unnið að framfylgd þeirrar samþykktar frá þeim tíma.
- StLO hefur áhuga á því að taka þátt í því verkefni með Garðabæ í Urriðavatnslandi.
- Á síðustu árum hefur StLO því unnið að mótun sýnar um framtíðarlandnotkun í Urriðavatnslandi í samstarfi við Garðabæ.
- Grundvallarhugmyndin er sá sameiginlegi vilji beggja aðila að þarna verði tryggt samspil útivistar og viðhalds þeirra náttúruminja sem einkenna þetta einstaka svæði og gefa því sérstöðu.
- Hugmyndin er því sú að Garðabær og StLO sameinist um sýn um svæðið sem geti legið til grundvallar friðlýsingar svæðisins sem fólkvangs.
- Viðfangsefnið sem í raun stendur útaf og er til sérstakrar skoðunar, er hvort Garðabær muni samþykkja lagningu golfbrauta innan svokallaðs Flatahrauns, sem eru hraunlægðir í Urriðavatnshrauni sem liggja við núverandi golfvöll StLO.

Gögn sem liggja að baki vinnu StLO

- Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa. 1988. *Urriðavatnsland*. Unnið af Arkitektum G.Ó.B. og Teiknistofu Reynis Vilhjálmssonar.
- Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa. 2007. *Stefnumörkun fyrir land Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa, tillaga til umræðu*. Unnið af ráðgjafarfyrtækinu Alta
- Ísor. 2007. *Verndargildi jarðminja í Urriðavatnsdölum*.
- Edwin Roald Rögnvaldsson. Des. 2013. *Sjálfbær nýting jarðvegs í UH og nágrenni. Könnun á möguleikum*.
- Golfklúbbur Oddfellowa og Golfklúbburinn Oddur. 18. ágúst 2014. *Stækkun Urriðavallar*.
- Scandinavian Turfgrass and Environmental Research Foundation (15. febrúar 2011). *Opin svæði á golfvöllum, vannýtt auðlind*. Ísl. þýðing: Edwin Roald Rögnvaldsson.
- Samráðsfundur um áherslur í landnýtingu Urriðavatnsdölum, haldinn í Oddfellowhúsinu í Vonarstræti, 8. júlí 2015.
- Samráðsfundur Garðabæjar og Oddfellowa haldinn í Golfskálanum 12.11.2015.
- Samráðsfundur með Umhverfisstofnun, 3.12.2015

Getur fólkvangur og golfiðkun farið saman?

- Garðabær sendi Umhverfisstofnun fyrirspurn dags. 30. maí 2016, um hvort svæði sem helguð eru útivistaríþróttum, s.s. skíðum og golfi, geti skv. löggjöf, rúmast innan fólkvanga og þá hvaða sjónarmið gildi um slíkt.
- Í svari Umhverfisstofnunar til Garðabæjar dags. 30. júní 2016 er vitnað í 52. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013: *Að frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar er heimilt að friðlýsa landsvæði til útivistar og almenningsnota sem fólkvang. Skal verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.*
- Einnig kemur fram að á svæðum sem vernduð eru samkv. þessum flokki sé lögð áhersla á að viðhalda samspili manns og náttúru. Sérstaka svæðanna geti falist í vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þeirra.
- Á Íslandi sé almennt miðað við að fólkvangar séu útivistarsvæði. Í flestum tilvikum séu svæðin skipulögð með þeim hætti að almenningi sé auðveldað aðgengi að þeim t.d. með lagningu gönguleiða og fræðslu. Einnig kemur fram að skv. núgildandi löggjöf geti svæði sem helguð eru útivistaríþróttum s.s. skíðum og golfi, vel rúmast innan friðlýstra fólkvanga (sbr. Bláfjöll). Komi slíkt til greina við undirbúning að friðlýsingu þurfi að hafa í huga að verndargildi svæðisins sé ekki ógnað, t.d. með framkvæmdum sem verulegt rask fylgir .
- Jafnframt þurfi að huga að því við hönnun svæðis að hagsmunir þeirra hópa sem stunda mismunandi útivist rekist ekki á.

Mat Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi náttúruminja

- Í framhaldi af svari Umhverfisstofnunar lagði stofnunin til að Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) yrði fengin til þess að meta verndargildi þeirra náttúruminja sem eru á landi StLO í Urriðavatnsdölum.
- NÍ tók að sér að meta verndargildi náttúruminjanna. NÍ mun á þeim grunni leiðbeina um hvort eða hvernig kunni að þurfa að aðlaga fyrirbyggjandi hugmyndir um þróun svæðisins m.a. hvað varðar lagningu golfbrauta, til að tryggja framtíðar viðhald náttúruminja þess. Þannig verði hægt að tryggja að sú landnotkun sem skipulögð verður á þessu svæði, sem framtíðar fólkvangur, tryggi vernd og viðhald þeirra náttúruminja sem þar eru.
- Niðurstöðu í vinnu NÍ er að vænta 10. desember 2016, sem þá verður lögð fyrir bæjarstjórn Garðabæjar.
- StLO gerir ráð fyrir því að bæjarstjórn muni í framhaldi taka tillit til kosta hvað varðar uppbyggingu útivistarsvæðis í Urriðavatnslandi og tengsla þess við önnur svæði í upplandi Heiðmerkur og Búrfellshrauns.


Drög að framtíðarsýn fyrir Urriðavatnsland sem StLo hefur mótað í samvinnu við Garðabæ – Tillaga til vinnslu

Framtíðarsýn er að á Urriðavatnslandi geti
útivist og fræðsla farið saman við
vernd einstakrar náttúru,
menningarminja og landslags

Spurning um
að tengja þetta
einnig
Heiðmörk með
Vífilsstaðahlíð

Þar verði gott aðgengi fyrir almenning,
öflugt stígakerfi með góðum tengingum
við nærliggjandi svæði,
vönduð fræðsluskilti,
aðstaða til umhverfis- og menningarfræðslu og
aðstaða til golfiðkunar á heimsmælikvarða

Drög að framtíðarsýn fyrir Urriðvatnsland sem StLo hefur mótað í samvinnu við Garðabæ – Tillaga til vinnslu



Tillaga í vinnslu Framtíðarsýn til umræðu

SKÝRINGAR

- Útmörk eignarlands IOOF
- Vegir
- Núverandi útivistarstígar
- Nýir útivistarstígar - tillaga
- Núverandi reiðleiðir
- Nýjar reiðleiðir - tillaga
- Núverandi brautir
- Æfingasvæði
- Tillaga að nýjum brautum
- Ný bílastæði
- Nýr byggingarreitur
- Niðurgrafinn byggingarreitur
- Grasflátir
- Skógræktarsvæði
- Stjórnuskoðunarsvæði
- Grillaðstaða
- Prautabraut
- Staðsetning fræðsluskilta
- Svæði á náttúruminjasrá
- Fríðlýstar minjar
- Fornminjar**
- Hellisop
- Hrauntröð
- Hraunrás

** Upplýsingar um fornminjar eru fengnar frá Fornleifastofnun Íslands og eru hluti af fornleifaskráningu í Garðabæ.

Kort eru byggð á loftmyndum og kortagrunni frá Hniti ehf.

Alta ehf / Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is / www.alta.is


Dags.: 12.11.2015 / Teknað af: HA / Verknr.: 1107

Skjalasíta 0000000000 dags: 25.03.2026


Hvernig falla þessi áform að fyrirbyggjandi drögum að aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030?

- Hér á eftir er reifuð landnotkun í Urriðavatnslandi skv. Aðalskipulagi Garðabæjar 2004 – 2016
- Einnig hvernig landnotkun í Urriðavatnslandi birtist í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030
- Ábendingar og tillögur StLO hvað varðar áherslur og skilmála í Urriðavatnslandi StLO
- Auk nánari upplýsinga um fyrirbyggjandi áform StLO

Landnotkun skv. Aðalskipulagi Garðabæjar 2004 - 2016



Skipulagsskýringar



Skv. aðalskipulaginu er annar hluti Urriðavatnslands skilgreindur sem útivistarsvæði, svæði til sérstakra nota m.a. með skógrækt að hluta hinn hlutinn sem óbyggt svæði undir hverfisvernd



❑ Svæði 5.17 sem íþróttasvæði.

❑ Svæði 5:20 sem opið hverfisverndað svæði.


Svæðið er hluti græna trefilsins

Fyrirhuguð landnotkun skv. drögum að Aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030


	ÞÉTTBÝLI
	IBÚÐARBYGGÐ
	VERSLUN OG ÞJÓNUSTA
	MÍÐSVÆÐI
	SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA
	ATHAFNASVÆÐI
	AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI
	IBNADARSVÆÐI
	HAFNARSVÆÐI
	LANDBÚNADARSVÆÐI
	SKÓGRÆKTARSVÆÐI
	ÍÞRÓTTSVÆÐI
	KIRKJUGARÐUR
	OPIN SVÆÐI
	ÖBYGGÐ SVÆÐI
	AFMÖRKUN PRÓUNARSVÆÐA
	ÁR OG VÖTN

	STOFNVEGIR
	TENGIVEGIR
	ADRIIR VEGIR EINVÖRDUNGU TL SKÝRINGAR
	STOFNSTÍGAR
	TENGISTÍGAR
	ÖTIVISTARSTÍGAR
	REIÐLEIÐIR
	MISLÆG-GATNAMÖT
	UNDIRSÖNG
	BÍÐSTÓÐ BORGARLÍNA
	BORGARLÍNA
	FRÍDLÝSTAR MÍNJAR ÁSAMT HELGUNARSVÆÐI
	FRÍDLÝST SVÆÐI
	HVERFISVERND VEGNA NÁTTÚRUMINJA
	MÍNJAVERND
	VATNSVERNDARSVÆÐI I, BRUNNSVÆÐI
	VATNSVERNDARSVÆÐI II, GRANNISVÆÐI VATNSBÓLA
	GRÆNTREFILLINN
	HÁSPENNULÍNA MEÐ HELGUNARSVÆÐI
	MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS (SVEITARFÉLAGSMÖRK)

Mörk landnotkunarreita skv. drögum að aðalskipulagi Garðabæjar



Urriðavatnsland er hluti af græna treflinum



Mynd 35. Græni vefurinn.

Græni trefillinn er hluti af opnum svæðum segir í drögum að ask Garðabæjar 2016 – 2030 sbr. hér að neðan

Græni trefillinn

Græni trefillinn er samfelld skógræktar- og útivistarsvæði þar sem lögð er áhersla á fjölbreytt náttúrufar og lífríki og sambland skógræktar- og ósnortinna náttúrusvæða. Skógrækt innan Græna trefilsins er ákvörðuð á grunni náttúrufarsúttekta og heildarskipulags fyrir viðkomandi svæði. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan Græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum er tengjast almennri frístundaiðju og útivistarnotkun ásamt gatnatengingum. Heimilt er að reisa byggingar og mannvirki sem tengjast skipulagðri útivistar- og frístundaiðju innan græna trefilsins. Það er skýrt skilyrði að ekki verði tekið land undir slíka starfsemi umfram það sem nauðsyn ber til og að ekki verði reistar byggingar og mannvirki sem spilla umhverfinu.

Í jaðri Græna trefilsins er heimilt að byggja upp þjónustu við ferðafólk, s.s. veitinga- og gistipjónustu, enda verði staðið að hönnun og frágangi mannvirkja þannig að þau falli vel að umhverfinu og valdi ekki neikvæðum umhverfisáhrifum. Uppbygging slíkrar þjónustu skal einkum vera á svæðum sem ekki kalla á nýlagningu vega eða aðra umfangsmikla mannvirkjagerð innan trefilsins.

Sýn StLO er í samræmi við þessa stefnu.

Kaflí 3.13 um íþróttasvæði

Landnotkunarreitur 5.17 Íþróttasvæði

Landnotkunarreiturrinn er í kafla 3.13 Íþróttasvæði. Þar segir:

3.13 ÍÞRÓTTASVÆÐI (ÍÞ)

Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar (gr. 6.2.j. í skipulagsreglugerð).

Íþróttavellir fyrir keppni og æfingar eru við íþróttamiðstöðina Ásgarð, í Hofsstaðamýri, í Vetrarmýri og við íþróttamiðstöðina á Álftanesi. Miðsvæðis á Garðaholti er gert ráð fyrir skóla- og íþróttasvæði að austanverðu.

Garðabær er aðili að uppbyggingu og rekstri skíða- og útvístarsvæðanna í Bláfjöllum og Skálafelli ásamt tólf öðrum sveitarfélögum.

Golfvellir. Þrír golfvellir eru í Garðabæ; í Vetrarmýri, sunnan við Hnoðraholt, í Urriðavatnsdölum og norðvestan við Urriðavatn á svæði sem er ætlað er til síðari nota sem byggingarland. Á Álftanesi er gert ráð fyrir níu holu golfvelli norðan Norðurnesvegar.

Skipulagsákvæði eru:

5.17 Íþ	124,6	Urriðavatnsdalir	Golfvöllur. Deiliskipulag í gildi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi
---------	-------	------------------	------------------------------------	--------------------------------



Ábending frá StLO vegna reits 5.17

- StLO óskar eftir því að skýr stefna um landnotkun komi fram á aðalskipulagsstigi til nánari útfærslu í deiliskipulagi.
- StLO leggur til að skilmálar fyrir reitinn hljóði svo :
 - Náttúru- og menningarminjar séu verndaðar og við haldið þeirri landslagsheild og heildarásýnd sem nú er.
 - Gert er ráð fyrir að áfram verði golfvöllur á svæðinu. Innan reitsins er gert ráð fyrir félagsheimili með veitingasölu og vínveitingaleyfi sem er opin almenningi og minni háttar mannvirkjum öðrum sem þjóna íþróttum og útivist.
 - Svæðið bjóði góða aðstöðu fyrir náttúru- og menningartengda útivist með göngu- og reiðstígum og upplýsingaskiltum, auk aðstöðu til fræðslu fyrir almenning og skólabörn í samhengi við Urriðavatn og Búrfellshraun.

Kafla 5.6 um hverfisvernd

Landnotkunarreitur 5.20

Landnotkunarreiturinn er í kafla 5.6, en þar segir:

5.6 HVERFISVERND (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum. (gr. 6.3.i. í skipulagsreglugerð)

Svæði sem njóta hverfisverndar eru:

1. Lambhúsatjörn
2. Skógtjörn
3. Balatjörn og umhverfi
4. Urriða(kots)vatn, Dýjamýri, Hrauntangi og Urriðavatnslækur
5. Grunnvötn
6. Urriðavatnshraun

Tillaga um nýja hverfisverndarsvæði

Garðabær stefnir að friðlýsingu eftirfarandi svæða í samráði við Umhverfisstofnun.

7. Við Breiðaskurð
8. Smyrlabúðarhraun
9. Gráhelluhraun
10. Gálgahraun þar sem áður var áætlað vegstæði fyrir Vífilstaðaveg
11. Garðahraun sunnan Álftanesvegar
12. Búrfell og Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár, það svæði sem áður var friðlýst

Hér hlýtur að vera villa þ.e. væntanlega er hér verið að tala um svæði sem stefnt er að friðlýsa. Hér saknar StLO þess að sjá ekki stefnu um friðlýsingu svæðis 5.20 sem fólkvangs.

Kaflí 5.6 um hverfisvernd

Svæði sem njóta hverfisverndar eru:

1. Lambhúsatjörn
2. Skógtjörn
3. Balatjörn og umhverfi
4. Urriða(kots)vatn, Dýjamýri, Hrauntangi og Urriðavatnslækur
5. Grunnuvötn
6. Urriðavatnshraun

Tillaga um nýja hverfisverndarsvæði

Garðabær stefnir að friðlýsingu eftirfarandi svæða í samráði við Umhverfisstofnun.

7. Við Breiðaskurð
8. Smyrlabúðarhraun
9. Gráhelluhraun
10. Gálgahraun þar sem áður var áætlað vegstæði fyrir Vífilstaðaveg
11. Garðahraun sunnan Álftanesvegar
12. Búrfell og Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár, það svæði sem áður var friðlýst

Gæta þarf samræmis í nafngiftum hvað Urriðavatnshraun varðar í aðalskipulaginu. Hér er bæði talað um Urriðakotshraun og Urriðavatnshraun.

StLO leggur til að Urriðakotshraun sé notað um hraunið.

Skipulagsákvæði eru:

Vernda skal náttúrulega gróðurþekju hraunsins, mosa og lynggróður og er óheimilt að rækta í því landi án leyfis bæjaryfirvalda. Þá skal aldrei gróðursetja barrviði eða aðrar aðfluttar tegundir í hraunið, heldur eingöngu íslenskar tegundir

5.20-Hv	134,6	Urriðakotshraun	Hverfisverndarsvæði
---------	-------	-----------------	---------------------

Ábending frá StLO vegna skilmála svæðis 5.20


- Ekki er ljóst hvaða mat á verndargildi liggur að baki skilmálunum.
- Hér að framan er ekkert talað um friðlýsingu svæðis nr. 5.20 sem fólkvangs. Hefur Garðabær fallið frá þeirri stefnu?
- Hvað með nýja útivistarstíga eru þeir óheimilir? Hvað með lúpínu og barrvið sem nú sáir sér hratt og dreifist um hrauntunguna á eitthvað að gera í því?
- StLO hefur áhuga á því að leggja golfbrautir bæði í Flatahraun og á og við námusvæði við Dyngjuhól.
- StLO gerir sér grein fyrir að enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort golfiðkun verður heimil og að það verður ekki gert fyrir en fyrir liggur niðurstaða vinnu NÍ og jafnframt ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar á þeim grundvelli, en sýnin um útivistarsvæðið getur staðið.
- StLO kysi að sjá þarna með að aðstaða til golfiðkunar á heimsmælikvarða yrði einnig heimil. Mögulega mun liggja fyrir ákvörðun hvað þetta varðar áður en endanlega verður gengið frá tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi til auglýsingar.
- StLO leggur áherslu á gott samstarf við sveitarstjórn og skipulagsnefnd Garðabæjar, þegar greinargerð NÍ liggur fyrir um miðjan desember.

Ábending frá StLO vegna reits 5.20

- StLO óskar eftir því að skýr stefna um landnotkun komi fram á aðalskipulagsstigi til nánari útfærslu í deiliskipulagi.
- StLO leggur til að skilmálar fyrir reitinn hljóði svo:
 - Náttúru- og menningarminjar séu verndaðar og við haldið þeirri landslagsheild og heildarásýnd sem nú er.
 - Svæðið bjóði góða aðstöðu fyrir náttúru- og menningartengda útivist með göngu- og reiðstígum og upplýsingaskiltum, auk aðstöðu til fræðslu fyrir almenning og skólabörn í samhengi við Urriðavatn og Búrfellshraun.
 - Gert er ráð fyrir að innan svæðisins verði lagðar golfbrautir fyrir allt að 9 holu völl. Þær séu að mestu lagðar í lægðir og á og við námasvæðið við Dyngjuhól. Þess verði sérstaklega gætt að vernda hraunjaðra og raska sem minnst heildarásýnd hraunsins. Golfbrautirnar takmarki ekki gott aðgengi að stígakerfi í hrauninu.

Nánari lýsing á fyrirliggjandi drögum að landnotkun í Urriðavatnsdölum

- Hér eru reifaðar nánar fyrirliggjandi hugmyndir að landnotkun í Urriðavatnsdölum til nánari þróunar í samstarfi við Garðabæ.



Útivistarsvæði Urriðavatnslandi Mörk skipulagssvæðis

SKÝRINGAR



Mörk skipulagssvæðis

Kort eru byggð á loftmyndum og
kortagrunni frá Hniti ehf.

Alta ehf / Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is / www.alta.is
Dags.: 04.11.2015 / Teiknað af: HA / Verknr.: 1107

alta

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Nánara yfirlit um þær
skipulagshugmyndir frá StLO
sem nú liggja fyrir,
eru tíundaðar hér

Leiðarljós við skipulagið

Landnotkun og skipulag á svæðinu miði að því að vernda náttúru-, menningarminjar og landslagsheild sem þar eru þannig að heildarásýnd svæðisins sé viðhaldið eftir fremsta megni.

Vernd og nýting lands taki mið af nærliggjandi svæðum með hagsmuni náttúru og íbúa að leiðarljósi. Þannig verði svæðið aðlaðandi miðstöð náttúrutengdrar útivistar fyrir þá sem lifa og starfa í nærliggjandi byggð og aðra sem vilja njóta svæðisins. Áhersla sé lögð á tengsl svæðisins og þeirrar náttúru og útivistarmöguleika sem það hefur upp á að bjóða, við starfsemi á sviði náttúru, umhverfis og lista sem gert er ráð fyrir í Urriðaholti.

Jafnframt að svæðið nýtist til náttúrufræðslu fyrir almenning og skólabörn.

Þannig megi líta á svæðið sem hluta af lifandi skólastofu sem nær allt frá Urriðaholti og Urriðavatni að norðanverðu að Búrfellsgjá og Búrfelli að sunnanverðu.

Hvernig náum við þessu leiðarljósi fram?


- **Vernd** fari saman við **nýtingu**.
- Gott **aðgengi** fyrir almenning.
- Viðhalda **heildarásýnd** svæðisins.
- Miðstöð **náttúrutengdrar útivistar**
- **Tengsl** við **Urriðaholt**.
- **Náttúrufræðsla** fyrir almenning, skólabörn, ferðamenn.
 - Lifandi skólastofa frá Urriðaholti og Urriðavatni að Búrfellsgjá og Búrfelli.



Aðkoma og upplýsingar

- Þrír **tengipunktur**
 - 1. Við Dyngjuhól í námunda við gömlu námuna sem þarna er.
 - 2. Á bílastæði golfvallarins
 - 3. Skammt frá núverandi svæði skátanna
- Á tengipunktum verður **kort** af svæðinu og hvað þar er að finna
 - Golfvöllur
 - Skógarlundur
 - Jarðfræðiminjar
 - Hlaupa- og gönguleiðir
 - Reiðstígar
 - O.fl.





Urriðavatnsdalir Fjölnota útivistarsvæði

SKÝRINGAR

-  Útmörk eignarlands IOOF
-  Vegir
-  Golfsvæði
-  Hraunið
-  Tjarnholt
-  Núverandi útivistarstígar
-  Nýir útivistarstígar
-  Bílastæði - tengipunktur

Kort eru byggð á loftmyndum og kortagrunni frá Hniti ehf.

Alta ehf / Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is / www.alta.is
Dags.: 06.07.2015 / Teiknað af: HA/HÁ / Verknr.: 1107

alta



Kvarði: 1:12.500 (A3)


0 200 400 600 800 1000m

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Útivist - Golfiðkun

- Áfram einn **fremsti** golfvöllur landsins
- 9 holu **stækkun** sem yrði aðallega í Flatahrauni og á og við námasvæðið við Dyngjuhól
- **Jarðminjar verndaðar**. Golfbrautir felldar að nærliggjandi landslagi
- Gott **aðgengi** ólíkra útivistarhópa
- Urriðavöllur vinni að því að fá alþjóðlega **umhverfisvottun**





Útivist Golfvöllur

SKÝRINGAR

-  Útmörk eignarlands IOOF
-  Vegir
-  Nýir göngustígar - tillaga
-  Nýir þjónustuvegir - tillaga
-  Núverandi brautir
-  Æfingasvæði
-  Tillaga að nýjum brautum
-  Bílastæði
-  Núverandi byggingar
-  Nýr byggingarreitur
-  Niðurgraffinn byggingarreitur
-  Staðsetning fræðsluskilta

Kort eru byggð á loftmyndum og kortagrunni frá Hniti ehf.

Alta ehf / Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is / www.alta.is

Dags.: 20.08.2015 / Teiknað af: HA/HÁ / Verknr.: 1107



Kvarði: 1:8.000 í A3

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Fellt að hraunjaðrinum



Fellt að hraunjaðrinum



Niðurstöður mats ÍSORs á verndargildi jarðminja

- Urriðakotshraun **merkileg náttúrusmíð** og fágætt landslagsform, en **ekki ósnortið** af mannavöldum
- Hraunið **mikilvægt útivistarsvæði** með fjölbreyttum náttúru- og menningarminjum
- Jarðminjar sem þarf að **vernda**:
 - Hraunsvigður, hrauntraðir, fallegir hólar og hryggir, sprungur og gjár og fjöldi hraunhella
- Sé vandað til verka og ekki hróflað við jarðminjum eiga **hugmyndir um golfbrautir** í lægðum innan hraunsins að **geta fallið vel að svæðinu** og vernd þess
- Ljóst má vera að slíkur völlur getur talist **einstakur á heimsvísu**

Úr skýrslu ÍSOR um mat á verndargildi jarðminja í Urriðavatnsdölum





Kvarði: 1:5000 í A3

Útivist Stækkun golfvallar og jarðminjar

SKÝRINGAR

- Útmörk eignarlands IOOF
- Hraunjaðar
- Hellisop
- Hrauntröð
- Fornminjar**
- Tillaga að nýjum brautum
- Tillaga að nýjum þjónustuvegum

Kort eru byggð á loftmyndum og kortagrunni frá Hniti ehf. Jarðfræðiupplýsingar eru byggðar á skýrslunni *Urriðavöllur. Verndargildi jarðminja í Urriðavatnsdölum* sem unnin var af ISOR fyrir Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowreglunnar.

** Upplýsingar um fornminjar eru fengnar frá Fornleifastofnun Íslands og eru hluti af fornleifaskráningu í Garðabæ.


Alta ehf / Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is / www.alta.is
Dags.: 12.11.2015 / Teiknað af: HA/ Verknr.: 1107


alta

Skjal sótt af '0000000000' dags.: 25.03 2026

Útivist - Göngu- og reiðstígar

- Gönguleiðum **fjölgað**
- Góðar **göngutengingar**
- **Áningarstaðir** og **fræðsluskilti** við gönguleiðir
- Hönnun og lagning stíga falli vel að **landslagi**





Útivist Göngu- og hjólaleiðir

SKÝRINGAR

-  Útmörk eignarlands IOOF
-  Vegir
-  Núverandi útivistarstígar
-  Nýir útivistarstígar - tillaga
-  Útivistarstígar sem fara
-  Núverandi brautir
-  Tillaga að nýjum brautum
-  Bílastæði - tengipunktur
-  Staðsetning fræðsluskilta

** Upplýsingar um fornminjar eru fengnar frá Fornleifastofnun Íslands og eru hluti af fornleifaskráningu í Garðabæ.

Kort eru byggð á loftmyndum og kortagrunni frá Hniti ehf.

Alta ehf / Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is / www.alta.is

Dags.: 20.08.2015 / Teiknað af: HA/HÁ / Verknr.: 1107



Kvarði: 1:12.500 A3


0 200 400 600 800 1000m

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Útivist – reiðstígar

- Aðalreiðleið milli hestamannafélaga á svæðinu (Hafnarfirði og Garðabæ) liggur meðfram Elliðavatnsvegi
- Möguleiki að tengja **hringleið**.
- Fjölgun **áningarstaða**.






Reiðleiðir og örnefi á Kópavöllum og nágrenni

- Hestagerð, árling
- Reiðleiður
- Þykktugur reiðleiður

Útdráttur frá heildarvæðingunni árið 2014 og árið 2015. Hestagerðir og örnefi á Kópavöllum og nágrenni. Hestagerðir og örnefi á Kópavöllum og nágrenni. Hestagerðir og örnefi á Kópavöllum og nágrenni.



Útivist Reiðleiðir

SKÝRINGAR

-  Útmörk eignarlands IOOF
-  Vegir
-  Núverandi reiðleiðir
-  Nýjar reiðleiðir
-  Núverandi brautir
-  Tillaga að nýjum brautum
-  Staðsetning fræðsluskilta

** Upplýsingar um fornminjar eru fengnar frá Fornleifastofnun Íslands og eru hluti af fornleifaskráningu í Garðabæ.

Kort eru byggð á loftmyndum og kortagrunni frá Hniti ehf.

Alta ehf / Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is / www.alta.is

Dags.: 20.08.2015 / Teiknað af: HA/HÁ / Verknr.: 1107




Kvarði: 1:12.500 (A3)

0 200 400 600 800 1000m

Vernd og nýting ganga í takt

- **Jarðminjum viðhaldið:** hraunsvigður, hrauntraðir, hraunhólar og hryggir, sprungur og gjár eða hraunhellar
- Viðhalda **heildstæðri hraunbrún** Búrfellshrauns
- **Stígar og fræðsla**
- Komið sé í veg fyrir rót á hrauni en þess í stað fyllt með jarðvegi upp í lægðir þar sem jafna þarf út land
- Í öllum tilfellum leitast við að **fella mannvirki** sem best að línum í **landslaginu**
- Þessi hluti hrauns frá gíg til strandar sá eini sem ekki er friðlýstur





Útivist Jarðfræði og landslag

SKÝRINGAR

- Útmörk eignarlands IOOF
- Slétt hraun
- Gárótt hraun
- Úfið hraun
- Hellisop
- Hrauntröð
- Hraunrás
- Staðsetning fræðsluskipta
- Friðlýstar minjar
- Fornminjar**

Kort eru byggð á loftmyndum og kortagrunni frá Hniti ehf. Jarðfræðiupplýsingar eru byggðar á skýrslunni *Urriðavöllum. Verndargildi jarðminja í Urriðavatnsdölum* sem unnin var af ISOR fyrir Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowreglunnar.

** Upplýsingar um fornminjar eru fengnar frá Fornleifastofnun Íslands og eru hluti af fornleifaskráningu í Garðabæ.

Alta ehf / Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is / www.alta.is


Dags.: 06.07.2015 / Teiknað af: HA/HÁ / Verknr.: 1107

Skjal sótt af '0000000000' dags.: 25.03.2026



Ný leið um hraunið

- Samfelld gönguleið er tengir saman Náttúrufræðistofnun Íslands og Búrfellsgjá
- Merkilegar jarðminjar í hrauninu verndaðar
- Viðkomustaðir við merkilegar jarðminjar
- Nýtist í fjölbreyttum tilgangi
 - Útikennsla
 - Ferðamennska
 - Fræðsla
 - Útivist



Vernd og nýting Verndun Búrfellshrauns

SKÝRINGAR

-  Útmörk eignarlands IOOF
-  Slétt hraun
-  Gárótt hraun
-  Úfið hraun
-  Hellisop
-  Hrauntröð
-  Hraunrás
-  Tillaga að nýjum golfbrautum
-  Nýir stígar - tillaga

Kort eru byggð á loftmyndum og kortagrunni frá Hniti ehf. Jarðfræðiupplýsingar eru byggðar á skýrslunni *Urriðavöllum*. Verndargildi jarðminja í *Urriðavatnsdölum* sem unnin var af ISOR fyrir Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowreglunnar.

Kvarði: 1:12.500 í A3

0 200 400 600 800 1000m

Alta ehf / Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is / www.alta.is

alta


Dags.: 20.08.2015 / Teiknað af: HA/HÁ / Verknr.: 1107

Skjalnúmer af '0000000000' dags.: 25.03.2026

Tjarnholt

- Dvalarsvæði í anda annarra slíkra í Heiðmörk
- Mögulegt samkomusvæði fyrir fjölskyldusamkomur Oddfellowa og annarra.
- Litlir áningarstaðir
 - Grillaðstaða
 - Þrautabraut
 - Frisbee golf
 - Fótboltagolf
 - Rathlaup
- Útikennsla
- Ræktun
- Stjörnuskoðun/Norðurljósaskoðun



Útivist
Dvalar- og útivistarsvæði í Tjarnholti

SKÝRINGAR

- | | |
|--|--------------------------------|
| | Útmörk eignarlands IOOF |
| | Vegir |
| | Núverandi útivistarstígar |
| | Nýir útivistarstígar - tillaga |
| | Nýjar reiðleiðir - tillaga |
| | Grasflatar |
| | Skógræktarsvæði |
| | Stjórnumskoðunarsvæði |
| | Bílastæði - tengipunktur |
| | Grillaðstaða |
| | Prautabraut |
| | Staðsetning fræðsluskilta |

** Upplýsingar um fornminjar eru fengnar frá Fornleifastofnun Íslands og eru hluti af fornleifaskráningu í Garðabæ.

Kort eru byggð á loftmyndum og kortagrunni frá Hniti ehf.

Alta ehf / Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is / www.alta.is

Dags.: 20.08.2015 / Teiknað af: HA/HÁ / Verknr.: 1107

Skripti soft at '000000000000' daags: 25.03.2026

Tillaga í vinnslu Framtíðarsýn til umræðu

SKÝRINGAR

-  Útmörk eignarlands IOOF
-  Vegir
-  Núverandi útivistarstígar
-  Nýir útivistarstígar - tillaga
-  Núverandi reiðleiðir
-  Nýjar reiðleiðir - tillaga
-  Núverandi brautir
-  Æfingasvæði
-  Tillaga að nýjum brautum
-  Ný bílastæði
-  Nýr byggingarreitur
-  Niðurgrafinn byggingarreitur
-  Grasflátir
-  Skógræktarsvæði
-  Stjórnuskoðunarsvæði
-  Grillaðstaða
-  Þrautabraut
-  Staðsetning fræðsluskilta
-  Svæði á náttúruminjasvæði
-  Friðlýstar minjar
-  Fornminjar**
-  Hellisop
-  Hrauntröð
-  Hraunrás

** Upplýsingar um fornminjar eru fengnar frá Fornleifastofnun Íslands og eru hluti af fornleifaskráningu í Garðabæ.

Kort eru byggð á loftmyndum og kortagrunni frá Hniti ehf.



Alta ehf / Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is / www.alta.is
Dags.: 12.11.2015 / Teiknað af: HA / Verknr.: 1107

ATA



Kvarði: 1:8.000 í A2

Skjalísottat "0000000000" dags: 25.03.2016



SIGTUNAPROJEKTET – Landslag fyrir allt

- **Samstarfsverkefni** Sigtuna golfklúbbsins, Naturskyddsföreningen, landeigenda og sveitarfélagsins
 - Unnið út frá markmiði **evrópska landslagssáttmálans** um fjölskrúðugara umhverfi þar sem **allir** geta **tekið þátt** í þróuninni (samráð). Vernd – nýting og skipulag gangi í takt.
- Samráðsferli í þremur hlutum þar sem m.a. var spurt
 - Hvernig getum við stutt við náttúru- og menningarminjar?
 - Hvernig getum við aukið afþreyingargildi svæðisins og hvaða afþreyingarmöguleikar þrífast á svæðinu?
 - Hvernig getum við aukið verðmæti svæðisins?
 - Hvaða þjónusta og innviðir eiga að vera til staðar?

Sammanfattning från
SEMINARIUM & WORKSHOP
9 april 2013 på Sigtuna golfklubb

**SIGTUNAPROJEKTET -
ETT LANDSKAP FÖR ALLA**

Sammanfattning från uppföljande
KVÄLLSSEMINARIUM
13 juni 2013 på Sigtuna golfklubb

**SIGTUNAPROJEKTET -
ETT LANDSKAP FÖR ALLA**

Sammanfattning från
KVÄLLSSEMINARIUM
21 november 2013 på Sigtuna golfklubb

**SIGTUNAPROJEKTET -
ETT LANDSKAP FÖR ALLA**

**SEMINARIUM 3
21 NOVEMBER 2013
KL. 16.00-19.00
SIGTUNA GOLFKLUBB**

Arrangörer:
 Sigtuna kommun  Naturkyddsföreningen Sigtunabygden  Sterf 

Samarbetet finansierats av Länets Utvecklingsråd och Sigtuna kommun

Golfklúbbur Kaupmannahafnar



Friðland
Golfvöllur fellur inn
í umhverfið
Flögg eru fjarlægð
á næturna



2.000 dádýr
Hubertus veiðarnar
30.000 áhorfendur
Eremitagehlaupið
20.000 hlauparar
Skíðagöngubrautir
á veturna



Skógarganga
Náttúruskoðun
Golf
Hlaup
Hjólreiðar
Hestamennska
Sveppatínsla



Gamle Fredrikstad Golfbane

- fyrsta fjölnota golfvallarsvæðið í Noregi

- Rétt fyrir utan gamla virkisbæinn Fredrikstad / Gamlebyen
- Hluti af stærra útivistarsvæði
- Hannaður til að falla inn í landslagið
- Útivistarmöguleikar
 - Golf
 - Fótbolti á pay&play vellinum
 - Hjólastígar sem hægt er að nota í hjólakeppnir
 - Göngustígar
 - Gönguskíðastígar á veturna
 - Vellir fyrir tennis/handbolta/fótbolta



Að lokum

- Hér að framan hafa verið tíundaðar helstu áherslur StLO varðandi þróun landnotkunar í Urriðavatnsdölum. StLO óskar eftir því að eiga áfram farsæla samvinnu við bæjaryfirvöld í Garðabæ við þróun Urriðavatnsdala og leggur til að skipulagsskilmálar verði þróaðir áfram í samstafi beggja.
- Lagt er til að bæjaryfirvöld og fulltrúar StLO fundi þegar fyrir liggur greinargerð frá NÍ um mat á verndargildi Urriðakotshrauns, um miðjan desember. Í þeirri greinargerð verður einnig leiðbeining um hvort eða hvernig kunni að þurfa að aðlaga fyrirbyggjandi hugmyndir um þróun svæðisins m.a. hvað varðar lagningu golfbrauta, til að tryggja framtíðar viðhald náttúruminja þess.

Virðingarfyllst f.h. StLO

Steindór Gunnlaugsson, formaður StLO og Heiðar Friðjónsson, ritari StLO

Afrit sent til: Ingjalds Ásvaldssonar, Júlíusar Rafnssonar og Hlöðvers Kjartanssonar í landnýtingarnefnd StLO og Halldóru Hreggviðsdóttur, Alta, ráðgjafa StLO